

Fimmtudaginn 9. desember 1993.

Nr. 132/1993. **Ákærvaldið**

(Sigríður Jósefsdóttir, settur saksóknari)

gegn

Guðjóni Pálssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Fjársvik. Sönnun. Opinber gjöld. Skaðabótakröfu vísað frá.
Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. mars 1993. Krefst hann sakfellingar samkvæmt ákæru og refsí-
ákvörðunar og að ákærði verði dæmdur til að greiða Kaupþingi hf.
skaðabætur, að fjárhæð 2.206.500 krónur, með dráttarvöxtum frá
15. febrúar 1988 til greiðsludags svo og kostnað Skuldaskila hf.
vegna uppboðs, 230.675 krónur.

Af hálfu ákærða er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og
að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

I.

Er ákærði samdi veðskuldabréf þau, sem um ræðir í málinu,
hafði hann eingöngu til hliðsjónar veðbókarvottorð. Það var gá-
lauslegt með tilliti til þess, að á fasteign þeirri, er hann veðsetti,
voru áhvílandi margar veðskuldir og sumar allgamlar orðnar.
Einkum átti þetta við um þrjár veðskuldir á 1. veðrétti við Iðnlána-
sjóð. Að því er hins vegar að gæta, að ákærði hlaut að gera sér
grein fyrir því, að upptalning áhvílandi skulda yrði endurskoðuð
hjá borgarfégetaembættinu við þinglýsingu bréfanna og athuga-
semd skráð á þau, ef og að því leyti, sem þær væru ekki rétt upp
taldar í bréfunum. Þá ber og að líta til þess, að ákærði gaf veð-
skuldabréfin út gagngert til að selja þau verðbréfafyrirtæki, og
mátti því búast við, að hjá því færi fram rækileg könnun á áhvílandi
veðskuldum. Með skírskotun til þessa ber að fallast á það með
héraðsdómara, að sönnur skorti fyrir því, að ákærði hafi vísvitandi
látið hjá líða að tilgreina á skuldabréfunum eina af áhvílandi

skuldum við Iðnlánasjóð, að eftirstöðvum 8.647.460 krónur, í þeim tilgangi að blekkja kaupanda bréfanna og svíkja út fé. Samkvæmt því ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sýknu af þessu ákæruatriði.

II.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var fallið frá ákæru fyrir brot á 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en haldið við varakröfu í ákæru um, að ákærði sætti refsingu fyrir brot á 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ber að sakfella ákærða samkvæmt því lagaákvæði, en með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og 8. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga þykir mega fella niður refsingu fyrir það brot ákærða.

III.

Með skirskotun til 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að vísa framangreindri skaðabótakröfu frá dómi.

Með skirskotun til 1. mgr. 166. gr. laga nr. 19/1991 þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði.

Kaupþing hf. kærði til Rannsóknarlögreglu ríkisins 28. mars 1990 fyrir brot, sem ákært er fyrir samkvæmt I. kafla ákæru. Lögreglurannsókn vegna þeirrar kæru hófst 1. október á því ári og lauk 7. maí 1991, er ákærða var kynnt fram komin bótakrafa. Gjaldheimtan í Reykjavík kærði 11. apríl 1990 vegna brots samkvæmt II. kafla ákæru. Lögreglurannsókn út af þeirri kæru fór fram 13. desember 1991. Málin voru ekki send ríkissaksóknara fyrr en 30. mars 1992. Dráttur þessi á málsmeðferð hefur ekki verið réttlættur, og ber að átelja hann.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðjón Pálsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds samkvæmt I. kafla ákæru í máli þessu.

Refsing ákærða samkvæmt II. kafla ákæru fellur niður.

Framangreindri skaðabótakröfu er vísað frá dómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. janúar 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað hér fyrir dómi með ákæru, út gefinni 31. ágúst 1992, „á hendur Guðjóni Pálssyni, Torfufelli 12, Reykjavík, fæddum 17. september 1943, fæðingarnúmer 376, fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum:

I. Fjársvik.

Ákærða er gefið að sök að hafa í febrúarmánuði 1988 fengið Kaupþing hf., Kringlunni 5, Reykjavík, f. h. Hávöxtunarfélagsins hf. til að kaupa af sér fimm veðskuldabréf, öll samín og út gefin 8. febrúar 1988 af ákærða til Verslunarhússins sf. sem kröfuhafa, hvert að fjárhæð 500.000 kr., vísitölutryggð, öll með gjalddaga 1. 10. 1989, tryggð með 11. samhliða veðrétti í 1. hæð fasteignar ákærða, Fosshálsi 27, Reykjavík, með því að hafa látið ógetið um í bréfunum og leynt væntanlega kaupendur vísitölutryggðri veðskuld við Iðnlánasjóð, sem hvíldi á 1. samhliða veðrétti eignarinnar, að fjárhæð 626.159,06 kr., samkvæmt þinglýstum skjölum, dagsettum 17. 7. 1979 og 6. 5. 1981, og þannig komið því til leiðar, að kaupandi, sem greiddi ákærða 15. febrúar 1988 2.206.500 kr. fyrir bréfin á þeirri forsendu, að allar áhvilandi veðskuldir væru tilgreindar, fékk ekkert greitt af kröfum sínum samkvæmt áðurgreindum veðskuldabréfum við úthlutun á uppboðs- andviðri hinnar veðsettu eignar, sem seld var á nauðungaruppboði 25. september 1989.

Telst þetta atferli varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Fjárdráttur.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa haldið eftir til greiðslu opinberra gjalda og skráð sem frádrátt á launaseðla starfsmanns síns, Óðins Snorrasonar trésmíðs, kt. 130351-4929, Suðurrhólum 14, Reykjavík, við útborgun á launum til hans dagana 8. 12., 18. 12., 22. 12. og 29. 12. 1989 og 5. 1. 1990 5.694 kr. við hverja þessara fimm útborgana, samtals 28.470 kr., en eigi staðið skil á þeim greiðslum til Gjaldheimtunnar í Reykjavík, heldur dregið sér þetta fé.

Telst þetta brot ákærða aðallega varða við 247. grein almennra heg-

ingarlaga nr. 19/1940, en til vara við 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda.

III. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar fyrir framangreind brot.

Í málinu gerir Kaupþing hf., kt. 560882-0419, kröfu um, að ákærði verði dæmdur til greiðslu bóta, að fjárhæð 2.206.500 kr., með dráttarvöxtum frá 15. 2. 1988 til greiðsludags svo og kostnaði“.

I.

Ákærði keypti 1. hæð fasteignarinnar að Fosshálsi 27, Reykjavík, skv. kaupsamningi, dagsettum 20. febrúar 1984, fyrir 10.190.000 krónur. Hinn seldi eignarhluti var 1079,80 fm (jarðhæð að norðanverðu). Afsal var gefið út 28. mars 1985 af seljanda, Birni Péturssyni & Co. hf.

Í afsali eru taldar upp áhvilandi veðskuldir, sem ákærði tók að sér að greiða við kaupin. Þá hvíldi á 1. veðrétti skuld við Iðnlánasjóð, dags. 6. maí 1981, upphaflega 626.159 krónur, vísitölutryggð, en að eftirstöðvum 3.273.933,40 krónur skv. afsali. Þá var skuld ákærða við sama skv. veðskuldabréfi, dagsettu 14. júlí 1983, upphaflega að fjárhæð 137.837,77 krónur, vísitölutryggð, og að eftirstöðvum 669.841,20 krónur. Í afsali er skuld þessi sögð hvíla á 2. veðrétti, en skv. veðbókarvottorðum hvíldi hún á 1. veðrétti samhliða fyrrnefnda láninu.

Loks tók ákærði að sér að greiða veðskuld við Iðnlánasjóð skv. veðskuldabréfi, út gefnu í febrúar 1984, upphaflega að fjárhæð 1.208.910,40 krónur, en að eftirstöðvum 1.188.998,90 krónur skv. afsalinu. Lán þetta hvíldi á 2. veðrétti skv. veðbókarvottorðum, en var óþinglýst, er ákærði keypti eignarhlutann, að því er segir í afsali.

Ákærði gaf út fimm veðskuldabréf 8. febrúar 1988, hvert að fjárhæð 500.000 krónur, tryggð með 11. veðrétti í 1. hæð eignarinnar að Fosshálsi 27. Hann kveðst hafa útbúið þau eftir veðbókarvottorði, sem var gefið út 14. desember 1987. Þar er framangreindrar veðskuldar ekki getið.

Veðskuldabréfum þessum var þinglýst athugasemdalaust við embætti borgarfégetans í Reykjavík og innfærð í veðmálabók 11. febrúar 1988.

Fram kemur í málinu, að 15. desember 1987 gaf ákærði út tíu bréf, hvert að fjárhæð 500.000 krónur, tryggð með 8. veðrétti í Fosshálsi. Þá gaf hann út tíu veðskuldabréf, hvert að fjárhæð 500.000 krónur, tryggð með 9. veðrétti í Fosshálsi 27, 22. desember 1987, og loks tíu veðskuldabréf, hvert að fjárhæð 500.000 krónur, tryggð með 10. veðrétti í Fosshálsi 27, 5. janúar 1988. Ekki er skuldarinnar við Iðnlánasjóð frá 6. maí 1981 heldur getið á þessum bréfum.

Lagt hefur verið fram myndrit eins skuldabréfanna frá 15. desember 1987, þar sem fram kemur, að athugasemd þinglýsingardómara var rituð á bréfið, vegna þess að skuldarinnar við Iðnlánasjóð var ekki getið.

Með beiðni, dagsettri 23. október 1987, bað Iðnlánasjóður um uppboð á fasteign ákærða að Fosshálsi 27, og kvaðst ákærði hafa fengið tilkynningu um það frá borgarfégeta, sem dagsett var 24. nóvember 1987, en hann hafi ekki áttað sig á því, að krafan byggðist á veðskuld þeirri, sem hvíldi á 1. veðrétti eignar hans að Fosshálsi 27. Uppboðsmál þetta var þingfest 18. febrúar 1988, en að því er fram kemur í bréfi borgarfégeta, dagsettu 19. desember 1991, kom aldrei til sölu eignarinnar, þar sem uppboðsbeiðendur afturkölluðu beiðnir sínar.

Hávöxtunarfélagið hf. keypti bréf þau, er ákærði gaf út 8. febrúar 1988, af Verslunarhúsinu sf., sem er sameignarfélag ákærða og sonar hans, 15. febrúar 1988. Kaupverð var 2.206.500 krónur.

Kaupþing hf. er rekstraraðili Hávöxtunarfélagsins hf. og hafði móttengið bréfin í sölu 11. febrúar 1989.

Eignarhluti ákærða í Fosshálsi 27 var seldur á nauðungaruppboði 25. september 1990, og nægði uppboðsandvirðið ekki til, að greiðsla fengist af skuldabréfunum, sem ákærði gaf út 8. febrúar 1988, og við úthlutun uppboðsandvirðis kom í ljós, að skuldin á 1. veðrétti við Iðnlánasjóð, sem ekki var getið í margnefndum bréfum, nam þá 14.820.535 krónum.

Með bréfi, dagsettu 28. mars 1990, til RLR kærði Kaupþing hf. ákærða fyrir að hafa brotið tiltekin ákvæði hegningarlaga með útgáfu og sölu bréfanna.

Í máli þessu liggur frammi veðbókarvottorð, sem gefið er út 14. desember 1987 við embætti borgarfégeta. Þar er tittnefndrar skuldar við Iðnlánasjóð ekki getið.

Ákærði ber, að hann hafi auk veðbókarvottorðsins, sem að ofan getur, notað kvittanir fyrir greiðslu af öðrum veðskuldum við upptalningu veðréttanna í skuldabréfunum, er hann gaf út 8. febrúar 1988, og að hann hafi ekki munað eftir veðskuldabréfinu frá 6. maí 1981 til Iðnlánasjóðs, enda hafi hann aldrei fengið kröfu um greiðslu samkvæmt því bréfi né heldur greitt af því láni og því ekki haft nein gögn um það við höndina, er hann gaf út bréfin.

Þá kemur fram í málinu, að ákærði fékk bréfum þessum þinglýst, án þess að á þau væri rituð athugasemd um, að veðskuldarinnar frá 6. maí 1981 væri ekki getið.

Samkvæmt skattframtali ákærða árið 1988 voru skuldir hans um áramót 1987 samtals 110.653.679,92 krónur og vanskil veruleg. Stóð skuld hans við Iðnlánasjóð skv. margnefndu skuldabréfi þá í 8.647.460 krónum.

Þegar öll þessi atriði eru virt, þykir ekki komin fram lögfull sönnun um, að ákærði hafi vísitandi leynt væntanlega kaupendur skuldinni og að ásetningur hafi verið um að fremja brot það, sem honum er gefið að sök í I. kafla ákæru, og verður hann því sýknaður af ákæruatriðum í þeim kafla.

II.

Ákærði hélt eftir og skráði sem frádrátt til greiðslu opinberra gjalda á launaseðla starfsmanns síns, Óðins Snorrasonar trésmíðs, kt. 130351-4929, Suðurrhólum 14, Reykjavík, við útborgun á launum til hans dagana 8. 12., 18. 12., 22. 12. og 29. 12. 1989 og 5. 1. 1990 5.694 kr. við hverja þessara fimm útborgana, samtals 28.470 kr., og stóð eigi skil á þeim greiðslum til Gjaldheimtunnar í Reykjavík, heldur dró sér þetta fé.

Ákærði hefur viðurkennt verknaðarlýsingu í ákæru rétta og verður því sakfelldur fyrir brot þetta, sem varðar við 247. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði endurgreiddi Óðni Snorrasyni fjármuni þá, er hann dró sér, 15. janúar 1992, áður en ákæra var gefin út. Með hliðsjón af því svo og sakaferli ákærða þykja ekki efni til að gera honum sérstaka refsingu fyrir brot hans.

Með tilliti til niðurstöðu þessa þáttar málsins, umfangs hans svo og þess, að ákærði er sýknaður af broti skv. I. kafla ákæru, verður honum ekki gert að greiða sakarkostnað vegna þessa þáttar.

Eftir úrslitum málsins ber að fella allan kostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar á meðal laun skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 50.000 krónur.

Allan Vagn Magnússon héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Guðjóni Pálssyni, verður ekki dæmd sérstök refsing í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hrl., 50.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.